

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.6 2025

Isavia ohf.
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
235 Keflavíkurflugvöllur
kt. 550210-0370

Isavia ohf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu 1.1 - 30.6 2025

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar	4
Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-18

Skýrsla stjórnar

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Tilgangur Isavia samstæðunnar er þjónustustarfsemi tengd flugi og rekstur og uppbygging flugvalla landsins. Samstæðuárshlutareikningur Isavia ohf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaganna Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvelli ehf. og Fríhöfnin ehf. Isavia ANS ehf. á dótturfélögin Tern Systems ehf. og Suluk ApS og Tern Systems ehf. á dótturfélagið Tern Branch Hungary.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga sem hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Rekstur tímabilsins janúar til júní 2025

Samkvæmt rekstrarreikningi Isavia ohf. námu rekstrartekjur tímabilsins 24.453 milljónum króna (1.1-30.6 2024: 23.261 milljón króna). Hagnaður tímabilsins nam 1.130 milljónum króna (1.1-30.6 2024: hagnaður nam 455 milljónum króna). Jákvæður gengismunur nam 568 milljónum króna (1.1-30.6 2024: jákvæður um 490 milljónir króna). Laun og annar starfsmannakostnaður nam á tímabilinu 13.245 milljónum króna (1.1 - 30.6 2024: 12.446 milljónum króna). Meðalfjöldi stöðugilda á tímabilinu var 1.431 (1.1 - 30.6 2024: 1.383).

Þann 30. júní 2025 námu heildareignir félagsins 119.698 milljónir króna (31.12.2024: 114.791 milljón króna). Eigið fé 30. júní 2025 nam 50.421 milljón króna (31.12.2024: 49.293 milljónir króna) og eiginfjárhlutfall félagsins var 42,12% þann 30. júní 2025 (31.12.2024: 42,94%).

Farþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll fjölgaði um rúmlega 1,8% á tímabilinu janúar til júní 2025 samanborið við sama tímabil ársins 2024 og var það í takti við áætlanir félagsins. Fjöldi farþega sem fóru um Keflavíkurflugvöll var rúmlega 3,7 milljónir á tímabilinu janúar til júní 2025 samanborið við 3,67 milljónir farþega fyrir sama tímabil ársins 2024. Vöxturinn á þessu tímabili hefur að stærstu leytir verið drifinn áfram af komu- og brottfararfarþegum en þeim fjölgaði úr 2.541 þúsund farþegum í 2.676 þúsund farþega eða um 5,3%. Tenging- og skiptifarþegum fækkaði á sama tíma um 5,9% eða úr 1.136 þúsund í 1.069 þúsund farþega. Farþegum í innanlandskerfinu fækkaði um 2,3% á tímabilinu janúar til júní 2025 samanborið við sama tímabil 2024 eða úr 340 þúsund farþegum í 333 þúsund farþega. Flugumferð í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu jókst um 1,4% á tímabilinu janúar til júní 2025 samanborið við sama tímabil 2024 eða úr 91.755 flugvélum í 92.998 flugvélar.

Breyting varð á rekstri samstæðunnar í byrjun maí 2025 þegar dótturfélagið Fríhöfnin ehf. hætti rekstri á Keflavíkurflugvelli í kjölfar útboðs á rekstri fríhafnarverslana þar. Fyrirtækið Heinemann Travel Retail Ice ehf. tók þá við rekstri fríhafnarverslana á Keflavíkurflugvelli. Umfang rekstrar samstæðunnar mun því minnka samhliða þeirri breytingu. Fríhöfnin ehf. er enn með rekstur fríhafnarverslunar á Akureyri og mun hætta þeirri starfsemi fyrir árslok 2025. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að rekstri dótturfélagsins verði hætt. Áhrif á samstæðuna vegna þessara breytinga eru að tekjur af vörusölu Fríhafnarinnar ehf. á Keflavíkurflugvelli munu eingöngu vera fyrir tímabilið 1. janúar til 7. maí 2025 og sama á við um kostnaðarverð seldra vara, launakostnað og rekstrarkostnað. Birgðir lækka einnig þar sem birgðir félagsins sem tilheyrðu fríhafnarverslunum á Keflavíkurflugvelli voru seldar í byrjun maí. Að öðru leyti hefur rekstur samstæðunnar verið í takt við áætlanir tímabilsins.

Hlutafé og hluthafi

Hlutafé þann 30. júní 2025 nam 24.559 milljónum króna (31.12.2024: 24.559 milljónir króna). Ríkissjóður er eini hluthafinn í félaginu þann 30. júní 2025 eins og í árslok 2024.

Skýrsla stjórnar

Framtíðarhorfur

Framtíðarhorfur félagsins eru almennt stöðugar og gera farþegaforsendur félagsins næstu ár ráð fyrir að hlutfallslegur árlegur vöxtur verði að meðaltali 3-5% til næstu 5 ára, að frátöldu næsta ári þar sem gæti orðið samdráttur í fjölda farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll vegna breytinga hjá PLAY sem á síðasta ári var annað umsvifamesta flugfélagið á flugvöllinum. Á Keflavíkurflugvelli hefur verið lögð áhersla á að bæta innviði félagsins til að takast á við fjölgun ferðamanna og bæta þjónustugæði með stækkun flugstöðvarinnar, bættu farþegarými og aukinni sjálfvirkni í farþegaferlum. Þetta gerir starfseminni kleift að sinna sívaxandi farþegafjölda og tryggja viðunandi þjónustugæði fyrir farþega og rekstraraðila flugvallarsamfélagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Isavia ohf. er samstæðuárshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.


Það er álit stjórnar og forstjóra að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til júní 2025 og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta, samkvæmt þeirra bestu vitund, að samstæðuárshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til júní 2025.


Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa yfirfarið og samþykkt samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 með undirritun sinni.

Hafnarfjörður, 25. september 2025


Í stjórn


Steinþór Pálsson
stjórnarformaður


Gréta María Grétarsdóttir


Marta Jónsdóttir


Hera Grímsdóttir


Ómar Svavarsson

Forstjóri


Sveinbjörn Indriðason

Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Isavia ohf.

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Isavia ohf. (hér eftir árshlutareikningur) fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 er kannaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ábyrgð ríkisendurskoðanda felst í þeirri ályktun um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun Ríkisendurskoðunar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningu á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og því er ekki víst að vitneskja hafi fengist um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi lætur Ríkisendurskoðun álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnunina kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 25. september 2025


Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu 1.1 - 30.6 2025

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Rekstrartekjur	4	24.452.950	23.261.205
Kostnaðarverð seldra vara		(2.978.657)	(3.566.474)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(13.244.906)	(12.445.548)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(569.209)	(477.945)
Annar rekstrarkostnaður		(3.414.679)	(3.557.981)
		<u>(20.207.451)</u>	<u>(20.047.947)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		4.245.499	3.213.258
Afskriftir	7,8,9	(2.283.425)	(2.271.069)
Rekstrarhagnaður		<u>1.962.074</u>	<u>942.189</u>
Fjármunatekjur	6	204.211	521.457
Fjármagnsgjöld	6	(1.400.375)	(1.417.543)
Gengismunur	6	567.568	489.564
Hagnaður fyrir skatta		<u>1.333.479</u>	<u>535.667</u>
Tekjuskattur		(203.959)	(80.868)
Hagnaður og önnur heildarafkoma tímabilsins		<u><u>1.129.520</u></u>	<u><u>454.799</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2025

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.6 2025	31.12 2024
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	7	101.760.346	97.970.130
Óefnislegar eignir	8	3.408.667	3.533.136
Nýtingarréttur	9	791.058	493.643
Eignarhlutar í öðrum félögum		5.000	5.000
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		487.950	502.044
		106.453.021	102.503.952
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		105.653	759.728
Viðskiptakröfur	11	4.285.080	3.042.954
Næsta árs hluti skuldabréfaeignar og langtímakrafna		502.406	501.437
Aðrar skammtímakröfur	11	1.795.271	2.093.797
Handbært fé		6.556.138	5.889.342
		13.244.547	12.287.259
Eignir		119.697.568	114.791.211
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	12	24.559.063	24.559.063
Lögbundinn varasjóður		3.068.070	3.068.070
Sérstakur endurmatsreikningur		35.079	35.741
Óráðstafað eigið fé		22.759.117	21.629.879
		50.421.329	49.292.753
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	13	52.831.748	52.154.347
Leigusamningar	9	743.808	403.733
Tekjuskattsskuldbinding	14	605.503	404.059
		54.181.059	52.962.140
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	15	4.522.566	6.519.007
Skuldir við lánastofnanir	15	3.000.000	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	1.559.136	1.570.294
Næsta árs afborganir leigusamninga	9	71.986	106.945
Ógreiddir reiknaðir skattar	14	1.877	3.696
Aðrar skammtímaskuldir	15	5.939.616	4.336.376
		15.095.180	12.536.318
Skuldir		69.276.239	65.498.458
Eigið fé og skuldir		119.697.568	114.791.211

Yfirlit um eigið fé 1.1 - 30.6 2025

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2024	24.559.063	2.629.177	37.065	16.838.913	44.064.218
Lagt í lögbundinn varasjóð	0	145.000	0	(145.000)	0
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(695)	(695)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	454.799	454.799
Eigið fé 30. júní 2024	24.559.063	2.774.177	36.403	17.148.679	44.518.322
Eigið fé 1. janúar 2025	24.559.063	3.068.070	35.741	21.629.879	49.292.753
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(944)	(944)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	1.129.520	1.129.520
Eigið fé 30. júní 2025	24.559.063	3.068.070	35.079	22.759.117	50.421.329

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1 - 30.6 2025

		Samstæða	
	Skýr.	1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		1.962.074	942.189
Afskriftir	7,8,9	2.283.425	2.271.069
Reikningshaldsleg afskrift skammtímakrafna		(102.704)	51.659
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		(131)	(1.722)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		4.142.664	3.263.195
Vörubirgðir lækkun (hækkun)		753.853	(159.913)
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun)		(309.437)	(1.093.772)
Rekstartengdar skuldir (lækkun) hækkun		(699.047)	2.639.105
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		3.888.033	4.648.615
Innborgaðir vextir		61.164	53.490
Greiddir vextir		(1.310.486)	(1.418.226)
Handbært fé frá rekstri		2.638.711	3.283.879
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunun og óefnislegum eignum	7,8	(6.106.966)	(8.533.336)
Seldir rekstrarfjármunir		230.361	8.250
Afborganir skuldabréfacignar og langtímakrafna		14.937	14.394
Fjárfestingahreyfingar		(5.861.669)	(8.510.693)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir	13	2.000.000	0
Skuldir við lánastofnanir, skammtíma lánaðinur	15	3.000.000	0
Afborganir langtímaskulda	13	(788.431)	(612.740)
Afborganir leigusamninga		(64.119)	(62.139)
Viðskiptaskuldir, framkvæmdaáætlun fjármögnun, breyting		(257.074)	351.267
Fjármögnunarhreyfingar		3.890.375	(323.613)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		667.418	(5.550.426)
Handbært fé í upphafi tímabils		5.889.342	15.513.769
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(622)	(44.191)
Handbært fé í lok tímabilsins		6.556.138	9.919.152

Skýringar

1. Starfsemi

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Isavia og dótturfélög annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýra jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Samstæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Tern Ungverjalandi og Suluk ApS á Grænlandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga þar sem það á við. Samandregni árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema að ákveðnir fastafármunir eru metnir eftir endurmatsaðferðinni. Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2024. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hægt er að nálgast ársreikning fyrir árið 2024 hjá fyrirtækinu eða á vef þess; www.isavia.is.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 7, 8 og 11.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Tekjur Flugleiðsögu.....	4.435.394	4.233.581
Tekjur Innanlandskerfis.....	2.051.651	1.844.957
Tekjur Keflavíkurflugvallar.....	12.379.360	9.945.869
Aðrar tekjur.....	365.738	323.180
Tekjur af vörusölu.....	5.220.807	6.913.619
	<u>24.452.950</u>	<u>23.261.205</u>

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Laun	10.439.461	9.646.345
Launatengd gjöld	2.483.979	2.283.911
Annar launa- og starfsmannakostnaður	321.465	515.292
	<u>13.244.906</u>	<u>12.445.548</u>

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

	1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Vaxtatekjur af bankareikningum	142.605	464.665
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	1.812	3.010
Vaxtatekjur af Joint Finance samningi	38.771	46.788
Aðrar vaxtatekjur	21.023	6.994
	<u>204.211</u>	<u>521.457</u>

Fjármagnsgjöld

	1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.344.105)	(1.349.413)
Önnur vaxtagjöld	(56.270)	(68.130)
	<u>(1.400.375)</u>	<u>(1.417.543)</u>

Gengismunur

	1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Gengismunur	567.568	489.564

7. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í upphafi tímabils	67.117.190	33.851.930	2.054.534	23.774.824	126.798.477
Endurflokkun	(156.386)	0	0	156.386	0
Eignfært á tímabilinu	2.838.319	1.690.912	268.753	1.269.896	6.067.880
Aflagt á tímabilinu	0	0	(4.848)	(106.648)	(111.497)
Selt á tímabilinu	(1.837)	0	0	(335.171)	(337.008)
Staða í lok tímabils	<u>69.797.286</u>	<u>35.542.842</u>	<u>2.318.439</u>	<u>24.759.286</u>	<u>132.417.853</u>

Afskriftir

Staða í upphafi tímabils	12.896.965	6.884.176	933.378	8.113.829	28.828.348
Endurflokkun	(48.940)	0	0	48.940	0
Afskriftir tímabilsins	685.081	648.548	68.913	644.891	2.047.433
Aflagt á tímabilinu	0	0	(4.848)	(106.648)	(111.497)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(106.778)	(106.778)
Staða í lok tímabils	<u>13.533.106</u>	<u>7.532.723</u>	<u>997.443</u>	<u>8.594.234</u>	<u>30.657.506</u>

Bókfært verð

Bókfært verð í upphafi tímabils	54.220.224	26.967.754	1.121.156	15.660.995	97.970.130
Bókfært verð í lok tímabils	<u>56.264.180</u>	<u>28.010.118</u>	<u>1.320.996</u>	<u>16.165.053</u>	<u>101.760.346</u>

Áætlaður nýtingartími	0-100 ár	5-50 ár	3-20 ár	0-70 ár
-----------------------------	----------	---------	---------	---------

Bókfært verð fasteigna nemur 56.264 milljónum króna en þar af nema verk í vinnslu 8.416 milljónum króna sem ekki eru hafnar afskriftir á.

Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2025 voru eignfærðar, vegna framkvæmda og annarra fjárfestinga samstæðunnar, um 6.068 milljónir króna (1.1-30.6 2024: 8.482 milljónir króna). Þar af námu framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli um 5.574 milljónum króna (1.1-30.6 2024: 7.983 milljónir króna). Framundan eru áframhaldandi framkvæmdir hjá Isavia ohf. vegna stækkunar flugstöðvar og breytinga á rýmum auk áframhaldandi framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Þann 30. júní 2025 voru til staðar skuldbindingar utan efnahags að fjárhæð um 6.762 milljónir króna (31.12.2024: 7.142 milljónir króna) hjá Isavia ohf. sem eru tilkomnar vegna samninga sem tilheyra þeim framkvæmdum sem framundan eru á Keflavíkurflugvelli til ársloka 2026.

Afskriftir greining:

	1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. hér að framan	2.047.433	2.039.867
Afskriftir öfnislegra eigna sbr. skýringu 8	163.556	167.176
Afskriftir nýtingarréttis sbr. skýringu 9	72.436	64.026
	<u>2.283.425</u>	<u>2.271.069</u>

Skýringar

8. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í upphafi tímabils	477.035	5.706.000	1.286.674	7.469.709
Eignfært á tímabilinu	0	0	39.087	39.087
Aflagt á tímabilinu	0	0	(45.126)	(45.126)
Staða í lok tímabils	477.035	5.706.000	1.280.635	7.463.670
Afskriftir				
Staða í upphafi tímabils	254.449	3.043.559	638.565	3.936.573
Afskrift tímabilsins	7.950	95.087	60.520	163.556
Aflagt á tímabilinu	0	0	(45.126)	(45.126)
Staða í lok tímabils	262.398	3.138.647	653.959	4.055.004
Bókfært verð				
Bókfært verð í upphafi tímabils	222.586	2.662.441	648.109	3.533.136
Bókfært verð í lok tímabils	214.637	2.567.353	626.676	3.408.667
Afskriftarhlutföll	3,3%	3,3%	5-33%	

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf., og Varnarmálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára, frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landhelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

9. Leigusamningar

Samstæðan leigir fasteignir og lóðir fyrir starfsemi sína sem falla undir reikningsskilastaðal IFRS 16 leigusamningar. Samningsbundinn leigutími fasteigna er 4 til 5 ár auk eins ótímabundins samnings. Stærsti leigusamningur samstæðunnar, að undanskildum ótímabundnum samningi, er vegna skrifstofuhúsnæðis sem rennur út í árslok 2025. Félagið hefur forleigurétt til 5 ára að samningstíma loknum. Ótímabundni samningurinn um fasteign er með 6 mánaða uppsagnartíma af beggja hálfu. Nýr samningur um lóðarleigu á Keflavíkurflugvelli var gerður á tímabilinu og gildir í 50 ár. Samningsbundinn leigutími lóða er á bilinu 43 til 50 ár.

Tölur hér á eftir sýna meðal annars greiningu á flokkum undirliggjandi eigna á samningsbundnum leigugreiðslum þar sem félagið er leigutaki.

Nýtingarréttur	Fasteignir og lóðir	
Staða í upphafi tímabils	493.643	
Verðbætur af leiguskuldbindingu	12.682	
Breytingar vegna nýrra samninga og uppgjör eldri samninga	357.169	
Afskriftir tímabilsins	(72.436)	
Staða í lok tímabils	791.058	
Upphæðir færðar í rekstrarreikning	1.1 - 30.6 2025	1.1 - 30.6 2024
Afskriftir af nýtingarrétti	72.436	64.026
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	45.423	10.985
Samtals gjaldfært á tímabilinu	117.859	75.011
Leiguskuldbinding	30.6 2025	31.12 2024
Leiguskuldir, langtímahluti	743.808	403.733
Leiguskuldir, afborgun næstu 12 mánaða meðal skammtímaskulda	71.986	106.945
	815.794	510.678
Leiguskuldbinding	30.6 2025	31.12 2024
Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur		
Innan árs	136.261	128.562
Eftir ár en innan 5 ára	361.618	218.967
5 ár og síðar	1.763.812	308.451
	2.261.692	655.980

10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi félögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum eru eftirfarandi:			
Dótturfélög Isavia ohf.			
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfsemi
Isavia ANS ehf., Reykjavíkurflugvelli	100,00%	310.500	Flugleiðsöguþjónusta
Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkurflugvelli	100,00%	52.350	Rekstur innanlandsflugvalla
Dótturfélög Isavia ANS ehf.			
Suluk ApS - Grænlandi	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Dótturfélag Tern Systems ehf.			
Tern Branch Hungary, Ungverjalandi	100,00%	16.877	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

11. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.6 2025	31.12 2024
Innlendar viðskiptakröfur	5.796.061	4.469.011
Erlendar viðskiptakröfur	774.556	959.981
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(2.285.537)	(2.386.037)
	4.285.080	3.042.954

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi. Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna í lok tímabilsins í samræmi við kröfur IFRS 9 var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar innan samstæðunnar eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að viðskiptamaður sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Meðal viðskiptakrafna félagsins er krafa að fjárhæð 2.082 milljónir króna á þrotabú Wow air þar sem gjaldþrotaskiptum er ekki enn lokið. Krafan hefur verið færð að fullu niður reikningshaldslega.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Taflan hér á eftir sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum innlendra og erlendra viðskiptakrafna.

30.6 2025				
Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,0%	3.476.227	148	3.476.079
1-90 daga	1,9%	600.101	11.421	588.680
91-180 daga	12,0%	48.465	5.824	42.641
181-270 daga	30,1%	145.068	43.729	101.339
>271 daga	96,7%	2.300.756	2.224.415	76.341
Samtals		6.570.617	2.285.537	4.285.080

31.12 2024				
Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,2%	1.765.497	3.465	1.762.032
1-90 daga	4,1%	984.486	40.100	944.386
91-180 daga	14,7%	175.608	25.886	149.722
181-270 daga	20,2%	82.656	16.692	65.964
>271 daga	95,0%	2.420.745	2.299.894	120.850
Samtals		5.428.992	2.386.037	3.042.954

Aðrar skammtímakröfur

	30.6 2025	31.12 2024
Virðisaukaskattur	133.393	796.896
Fyrirframgreiddur kostnaður	276.462	303.002
Fjármagnstekjuskattur	203.584	167.069
Óinnheimtir vextir	111.146	0
Fyrirframgreidd laun	0	28.350
Óloknir verksamningar	103.803	0
Aðrar kröfur	966.884	798.480
	1.795.271	2.093.797

12. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok tímabilsins	24.559.063	100,0%	24.559.063

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

Skýringar

13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6 2025	31.12 2024
Skuldir í EUR	47.719.568	48.902.790
Skuldir í ISK	6.671.316	4.821.851
	54.390.884	53.724.641
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(1.559.136)	(1.570.294)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins / ársins	52.831.748	52.154.347
	30.6 2025	31.12 2024
Staða í upphafi tímabils	53.724.641	57.160.236
Ný lán á tímabilinu	2.000.000	0
Afborganir tímabilsins	(788.431)	(1.217.326)
Gengismunur og verðbætur	(545.326)	(2.218.269)
Staða í lok tímabilsins / ársins	54.390.884	53.724.641
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6 2025	31.12 2024
Afborganir 1.7.2025 - 30.6.2026 / 1.1.2025 - 31.12.2025	1.559.136	1.570.294
Afborganir 1.7.2026 - 30.6.2027 / 1.1.2026 - 31.12.2026	3.562.578	1.573.568
Afborganir 1.7.2027 - 30.6.2028 / 1.1.2027 - 31.12.2027	2.212.558	1.577.008
Afborganir 1.7.2028 - 30.6.2029 / 1.1.2028 - 31.12.2028	5.251.900	5.409.497
Afborganir 1.7.2029 - 30.6.2030 / 1.1.2029 - 31.12.2029	2.603.685	2.629.572
Afborganir síðar	39.201.027	40.964.702
	54.390.884	53.724.641

Nýjar lántökur á tímabilinu námu 2.000 milljónum króna. Á tímabilinu var einnig dregið á skammtíma lánalínur sem námu 3.000 milljónum króna og fært meðal skammtímaskulda sem skuldir við lánastofnanir. Greiddar voru samningsbundnar greiðslur af langtímalánum að fjárhæð 788 milljónir króna. Lánasamningar félagsins að fjárhæð 56.533 milljónir króna innihalda skilmála um fjárhagslegan styrk varðandi skuldahlutfall og eiginfjárlutfall og uppfyllir félagið alla skilmála lánasamninga þann 30.06.2025. Félagið telur engar vísbendingar um að það reyni á lánaskilmálana á næstu 12 mánuðum.

14. Tekjuskattskuldbinding (skattinneign)

	30.6 2025	31.12 2024
Staða í upphafi tímabilsins	404.059	(771.732)
Reiknaður tekjuskattur	203.959	1.177.029
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(1.877)	(3.696)
Þýðingarmunur	(638)	2.458
Staða í lok tímabilsins	605.503	404.059

Tekjuskattskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins

	30.6 2025	31.12 2024
Rekstrarfjármunir	1.803.056	1.857.028
Veltufjáreignir	(453.050)	(494.897)
Frestaður gengismunur	209.729	300.641
Aðrir liðir	(2.312)	4.994
Áhrif af yfirferanlegu skattalegu tapi	(951.921)	(1.263.707)
	605.503	404.059

Skýringar

14. Tekjuskattskuldbinding (skattinneign framhald)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	30.6 2025	31.12 2024
Nýtanlegt til ársins 2030	258.408	619.567
Nýtanlegt til ársins 2031	3.182.989	4.339.935
Nýtanlegt til ársins 2032	385.532	385.532
Nýtanlegt til ársins 2033	356.035	356.035
Nýtanlegt til ársins 2034	316.585	316.585
Nýtanlegt til ársins 2035	260.055	0
	4.759.604	6.017.654

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	30.6 2025	31.12 2024
Innlendar viðskiptaskuldir	2.343.732	2.976.871
Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar	365.240	622.314
Erlendar viðskiptaskuldir	407.083	780.281
Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins	1.406.511	2.139.541
	4.522.566	6.519.007

Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar tilheyra Isavia Innanlandsflugvöllum ehf. og eru tilkomnar vegna framkvæmdahluta þjónustusamnings þess við Innviðaráðuncytið. Greiðslur vegna framkvæmdahluta hafa þegar borist að hluta til og mynda því þessa skuld þar sem greiðslum þessum hefur ekki verið ráðstafað að fullu. Meðal handbærs fjár er inneign sem er tilkomin vegna þessara greiðslna.

Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins tilheyrir Isavia ANS ehf. og er tilkomin vegna endurheimt kostnaðar vegna flugleiðsöguþjónustu í Norður Atlantshafi. Árið 2023 var flugumferð í flugstjórnarsvæði Íslands meiri en áætlað hafði verið sem leiddi til þess að meira innheimtist af notendagjöldum en sem nam kostnaði við þjónustuna. Ákvæði samningsins eru að ef innheimt notendagjöld fyrir þjónustuna eru meiri þá myndast skuld vegna tímabilsins sem er endurgreidd með lækkun kostnaðargrunns notendagjalda tveimur árum síðar.

Skuldir við lánastofnanir

	30.6 2025	31.12 2024
Skuldir við lánastofnanir, skammtíma lánalínur	3.000.000	0

Á tímabilinu var dregið á lánalínur sem námu 3.000 milljónum króna og koma til greiðslu innan 12 mánaða.

Aðrar skammtímaskuldir

	30.6 2025	31.12 2024
Virðisaukaskattur	179.797	47.445
Laun og launatengd gjöld	2.106.681	938.483
Launaskuldbindingar	2.751.264	2.483.020
Áfallnir vextir	637.902	578.664
Fyrirframinnheimtar tekjur	166.675	156.207
Aðrar skuldir	15.705	117.812
Óloknið verksamningar	81.592	14.745
	5.939.616	4.336.376

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.6 2025	31.12 2024
Skuldir við lánastofnanir	1.559.136	1.570.294
	1.559.136	1.570.294

16. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Móðurfélag og félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Samstæðan er opinbert hlutfélag en opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta til frá kröfum um upplýsingagjöf vegna tengdra aðila í IAS 24. Helstu viðskipti samstæðunnar við opinbera aðila er samningur við ríkið um rekstur innanlandsflugvalla sem tilheyrir dótturfélaginu Isavia Innanlandsflugvöllir ehf.

Sala á vöru og þjónustu til lykilstjórnenda eða aðila tengdra þeim var óveruleg.

17. Önnur mál

Við innra eftirlit í maí 2025 hjá dótturfélaginu Isavia ANS ehf. kom í ljós misræmi í skráningu vinnutíma hjá flugumferðarstjórum í flugstjórnarmiðstöð félagsins. Um var að ræða frávík sem tengdust skráningu viðveru í vinnustöðu en þessi brot fólu ekki í sér fjárhagslegan ávinning fyrir viðkomandi starfsmenn. Málið snýr eingöngu að réttindamálum þeirra þar sem skráningin getur haft áhrif á uppfyllingu lágmarksskilyrða sem krafist er til að sinna starfinu. Samgöngustofa hefur málið til skoðunar.

Dómsmál

Þann 20. febrúar 2025 féll dómur í Landsrétti um starfsaldur flugumferðarstjóra þar sem fallist var á kröfur flugumferðarstjórans um að Isavia ANS ehf. hafi verið óheimilt að binda enda á störf hans á grundvelli greinar 18.4.5 í kjarasamningi Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Isavia ohf.. Óskað var eftir leyfi til áfrýjunar til Hæstaréttar sem fékkst samþykkt og bíður málið nú málflutnings í Hæstarétti.

18. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á samstæðuárshlutareikningnum.

Skýringar

19. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir skipulagi samstæðunnar og innri upplýsingagjöf stjórnenda. Meginhluti af rekstri Isavia ANS ehf. samanstendur af þjónustu við flugrekendur á grundvelli milliríkjasamnings (Joint Finance). Isavia Innanlandsflugvöllur ehf. er rekstur flugvalla og flugturna innanlands. Keflavíkurflugvöllur er rekstur flugvallar og flugturns í Keflavík auk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og rekstur stoðsviða.

Starfspáttagreining 1. janúar til 30. júní 2025

	Isavia ANS ehf.	Isavia Innanlands- flugvöllur ehf.	Isavia ohf.	Fríhöfnin ehf.	Önnur dóttur-félög	Jöfnun	Samstæða
	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi	Keflavíkur- flugvöllur				
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	4.435.394	2.051.651	12.379.360	5.220.807	365.738		24.452.950
Innanfélagstekjur	811.843	59.179	1.655.056	0	547.431	(3.073.509)	0
Heildartekjur	5.247.237	2.110.830	14.034.416	5.220.807	913.169	(3.073.509)	24.452.950
Afkoma							
Rekstrarhagnaður	497.698	66.776	1.454.610	(24.640)	(141.394)	109.025	1.962.074
Fjármagnsliðir	(19.911)	(44.844)	(63.195)	18.781	(19.868)	(499.558)	(628.596)
Afkoma fyrir skatta	477.786	21.931	1.391.416	(5.859)	(161.261)	(390.534)	1.333.479
Afkoma tímabilsins	388.767	17.765	1.234.641	(3.324)	(117.774)	(390.555)	1.129.520
Efnahagsreikningur 30. júní 2025							
Fastafjármunir	6.218.653	1.324.707	101.735.776	1.134	606.461	(3.433.709)	106.453.021
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti	2.361.982	839.153	10.929.009	1.389.816	742.546	(3.017.959)	13.244.547
Heildareignir	8.580.635	2.163.860	112.664.785	1.390.950	1.349.008	(6.451.669)	119.697.568
Heildarskuldir	5.728.383	2.416.231	65.211.955	385.613	1.042.349	(5.508.292)	69.276.239
Eigið fé	2.852.252	(252.371)	47.452.830	1.005.336	306.658	(943.377)	50.421.329
Aðrar upplýsingar 30. júní 2025							
Fjárfestingar tímabilsins	482.347	5.898	5.613.582	0	5.139	0	6.106.966
Afskriftir tímabilsins	160.125	61.465	2.015.295	92.596	26.288	(72.344)	2.283.425

Skýringar

19. Starfsþáttayfirlit (framhald)

Starfsþáttagreining 1. janúar til 30. júní 2024

	Isavia ANS ehf.	Isavia Innanlands- flugvellir ehf.	Isavia ohf. Keflavíkur- flugvöllur	Frihöfnin ehf.	Önnur dóttur-félög	Jöfnun	Samstæða
	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi					
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	4.233.581	1.844.957	9.945.869	6.913.619	323.180	0	23.261.205
Innanfélagstekjur	835.707	22.823	2.516.096	0	525.295	(3.899.921)	0
Heildartekjur	5.069.288	1.867.780	12.461.965	6.913.619	848.475	(3.899.921)	23.261.205
Afkoma							
Rekstrarhagnaður	523.155	(29.097)	444.871	79.078	(27.423)	(48.393)	942.189
Fjármagnsliðir	(37.529)	(62.398)	138.576	6.400	(6.488)	(445.083)	(406.522)
Afkoma fyrir skatta	485.626	(91.495)	583.447	85.478	-33.912	(493.476)	535.667
Afkoma tímabilsins	376.908	(72.078)	600.315	66.648	(23.296)	(493.697)	454.799
Efnahagsreikningur 30. júní 2024							
Fastafjármunir	6.083.107	1.365.073	92.127.354	417.705	521.007	(4.065.462)	96.448.784
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti	2.042.506	954.447	13.499.014	2.822.517	586.744	(1.469.939)	18.435.288
Heildareignir	8.125.613	2.319.520	105.626.368	3.240.222	1.107.750	(5.535.401)	114.884.072
Heildarskuldir	6.204.454	2.695.289	63.196.799	2.074.891	687.611	(4.493.292)	70.365.750
Eigið fé	1.921.159	(375.769)	42.429.570	1.165.331	420.140	(1.042.109)	44.518.322
Aðrar upplýsingar 30. júní 2024							
Fjárfestingar tímabilsins	322.178	89.435	8.034.156	66.172	21.396	0	8.533.336
Afskriftir tímabilsins	160.269	68.278	1.997.852	108.901	25.255	(89.488)	2.271.069